



# Hvalrekinn

September 2017

## Haustfundir með foreldrum

### Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Nú er þriðja vikan á þessu skólaári að enda komin. Líf og fjör búið að vera og nemendur búnir að vera mikið úti við enda hefur vel viðrað til þess.

### Haustfundir með foreldrum



Í næstu viku verða kynningarfundir fyrir foreldra. Byrjað verður á

sal skólans þar sem meðal annars verður farið yfir nýjar áherslur í námi og námsmati samkvæmt aðalnámskrá, samskiptavefinn Mentor og ýmsar sameiginlegar reglur. Að því loknu fara foreldrar með umsjónarkennurum barna sinna í þeirra heima stofur þar sem umsjónarkennarar fara yfir ýmis atriði sem við kemur bekkjarstarfinu.

Fundirnir verða sem hér segir:

- 2., 3. og 4. bekkur miðvikudaginn 13. september kl. 8:20 – 9:30.
- 5., 6. og 7. bekkur fimmtudaginn 14. september kl. 8:20 – 9:30.
- 8., 9. og 10. bekkur þriðjudaginn 12. september kl. 8:20 – 9:30.

Þessa daga mæta nemendur í skólann samkvæmt stundaskrá.

### Útikennsla í Hvaleyrarskóla



Í Hvaleyrarskóla er hafin markviss útikennsla í Heimilisfræði. Skólinn fékk til umráða í fyrravetur gæsluvöllinn sem liggur á milli leikskólans Álfasteins og Hvaleyrarskóla.

Foreldrafélag Hvaleyrarskóla gaf skólanum eldstæði þar sem eldað er við kol og opinn eld. Þetta hefur vakið mikla lukku hjá nemendum. Eldstæðið hefur verið notað bæði af nemendum Hvaleyrarskóla og Álfasteins.

Með útikennslunni er verið að brjóta upp kennsluna og sýna nemendum fram á að eldaður matur þarf ekki alltaf að koma úr fínu eldhúsi. Þau læra að kveikja upp bál, í kolum og nota gas. Þeim er kynnt allar hættur sem af eldi getur hlotist. Gamli gæsluvöllurinn hefur fengið á sig nýtt nafn, „Reykkofinn“ enda leggur anganin af kolum og opnum eldi yfir Holtið þessa dagana eftir að skólinn fór af stað.

Stefnan er að fara út með alla bekki frá 4. – 9. bekk tvisvar yfir veturinn, hvort heldur það er snjór eða ekki og er tilhlökkun bæði hjá nemendum og kennara.



Með bestu kveðjum,  
Skólastjórnendur.

